

UPPSETNING Á YLEININGUM

- Undirbúningur:**
 - Pakflötur mældur upp. Grunnlína snúroð og önnur lína hornrétt á hana. (ath. reglu um réttthyrnda þríhyrniga t.d. 3-4-5, 6-8-10).
 - Fyrsta eining sem á að nota er tekin úr bretti og sett á búkka þannig að bárunar snúi upp. Yfirborð búkka þarf að vera slétt og hreint þannig að neðri brún einingar rispist ekki. Einingin vegur um 15 kg metrin þannig að lengstu einingarnar, 12m, vegu um 150 kg og eru því 2-4 manna tók.
 - Veggflötur er mældur upp. Lárétt lína er tekin fyrir neðstu brún eininga, merkt upp á burðarvirki. Liggjandi veggeiningum er ráðað neðan frá og upp. Fylgjast skal með því að langskeyti falli sem best að innanverðu og að þéttlistar gægist hvergi út.
- Vinna við einingu fyrir hifingu:**
 - Þéttborðar eru limdir á einingu. Annar borðinn er limdur á falsið á neðra byrðinu. Hinn borðinn er limdur undir hábáruna á efra byrðinu þannig að hann lendi á til þess gerðu úrtaki í sköruninni. Einnig er hægt að lima borðann ofan á hábáru fyrri plötunnar, í fyrgreint úrtak, en þá er meiri hætt á að skörunarbára efr einingarinnar rekist í listann og hann verði fyrir hnjaski.
 - Ef um er að ræða enda að mæni þá þarf að beygja upp lágbaruna með til þess gerðu klaufámi. Klippa þarf af yfirlöppun sbr. skýringarmyndir til hliðar.
- Undirbúningur á burðarvirki fyrir hifingu.**
 - Innri áfellum er komið fyrir. Um er að ræða slétta vinkla við þakbrúnir og gafla og slétta renninga á samskeytalangband ef þannig háttar. Ef langband er í mæni þá kemur áfella á það annars draghnoðast innri kjölur eftirá, þá þarf að setja áfella ofaná burðarramma. Kittistaumur komi á allar innri áfellur sem eining sest á. **Árðandi er að kittistaumur sé nógu þykkur til að fylla aiveg á milli einingar og áfelli.** ATH. láréttir bitar yfir og undir gluggum/hurðum eru staðsettir eftir ásetningu veggeininga.
- Hifing á einingu.**
 - Hifingarklemmur eru settar á eininguna. Staðsetning þeirra þarf að taka mið af langböndum og þakhalla. Alltaf eru notaðar tvær klemmur. Tvö augu eru á klemmunum fyrir lása eða bönd, annarsvegar fyrir þakhifingar, hinsvegar fyrir vegg-hifingar. Kranakeðjum(-stroffum) er krækt í klemmur. Gott er að setja bönd í a.m.k. aðra klemmuna til að halda við eininguna í hifingunni.
 - Einingin er hífð upp og staðsett skv. útmælingu í lið 1. og fest tryggilega.
 - Næstu einingar eru hífðar á sinn stað eftir undirbúning skv. lið 2. Gott er að fylla einingu með einni skruflu í neðsta langband.
 - Lagðar eru út 4-6 einingar eftir því sem henta þykir m.t.t. mátlína hússins.
- Afrétting á einingum.**
 - Mikilvægt er að pressa einingarnar í sama mál í báða enda.**
 - Hver eining klæðir 1000 - 1003 mm.
 - Viðbúid er að pressa þurfi einingar í þaki um 10 - 20 mm. (þ.e.a.s í hverju 4-6 eininga setti) Þegar pressað er þarf að losa um skruflur sem notaðar voru til að fylla einingunum að neðan. Þessu næst eru einingar fullskrufaðar og næstu 4-6 einingar settar niður á sama hátt og að framan er lýst. Vanda skal til skruflunar þannig að ekki dældist undan skruflu/skinnu

Mikilvægt er að verklýsingun sé fylgt eftir þannig að árangur verði sem bestur.

Til fróðleiks:

Varðandi mönnun verksins er algengt að 2-3 menn séu niðri og 3-4 í uppsetningu eininga, fleiri í stórum verkum. Toppár í skruflvélar eru 10 mm eða 3/8".


Tafla sýnir mismunandi borstærðir fyrir þá stálþykkt sem borað er í

| Stálþykkt | Borstærð | Skrúfur |
|---------------|-----------|---------|
| 1,0 - 2,0 mm | Ø 4,00 mm | A |
| 2,1 - 3,0 mm | Ø 5,05 mm | A |
| 3,1 - 3,9 mm | Ø 5,05 mm | BZ |
| 4,0 - 8,0 mm | Ø 5,65 mm | BZ |
| 8,1 - 15,0 mm | Ø 5,80 mm | BZ |
| + 15,0 mm | Ø 5,95 mm | BZ |

Númeraðar skýringar fyrir deili ná til þeirra efnisþátta sem Limtré Virnet ehf. leggur til nema að annað sé tekið fram.

Við mæni/þakglugga og þversamskeyti


Klippa þarf úr yfirlöppun meðfram þéttborða og 100 mm niðureftir einingu. Þetta er einungis gert við mæni og þakglugga til að báruþéttlisti nái að þetta (tengjast þéttborða).



Lausholt í limtrésgrind við glugga og hurðir **skal staðsetja eftir að yleiningar hafa verið settar upp.** Ætíð skal miða við hábáru á einingu. Sjá sérmyndir

Almennar skýringar

ST-107 ÞV Yleiningar



1. Ytra byrði - 0,6 mm þykkar valsaðar stálplötur, galvaniseraðar, grunnmálaðar og með 0,2 mm plastisolhúð (PVC)


2. Einangrun - Polyureþan

3. Innra byrði - 0,6 mm þykkar valsaðar stálplötur, galvaniseraðar, grunnmálaðar og með 0,05 mm plexipolyesterhúð. Litur: Hvítur (Ral 9002)

| Litur | Úti | Inni |
|-------|--------------|---------------|
| Þak | Grátt (7005) | Hvítur (9002) |

Almennar skýringar

ST-55 V Yleiningar



1. Ytra byrði - 0,6 mm þykkar valsaðar stálplötur, galvaniseraðar, grunnmálaðar og með 0,2 mm plastisolhúð (PVC)

2. Einangrun - Polyureþan

3. Innra byrði - 0,6 mm þykkar valsaðar stálplötur, galvaniseraðar, grunnmálaðar og með 0,05 mm plexipolyesterhúð. Litur: Hvítur (Ral 9002)

| Litur | Úti | Inni |
|--------|--------------|---------------|
| Veggir | Grátt (7005) | Hvítur (9002) |

